

Kransæðamyndataka (hjartapræðing)

Kransæðamyndataka (hjartapræðing) er röntgen-rannsókn sem gerð er til að meta ástand kransæðanna. Ef þörf er á kransæðavíkkun er hún yfirleitt gerð í beinu framhaldi.

Rannsóknin er gerð á hjartapræðingastofu spítalans og tekur um eina klukkustund.

Undirbúningur

Símainnritun

Hjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð og staðfestir aðgerðardag. Spurt verður um hæð, þyngd, ofnæmi fyrir lyfjum og skuggaefni og hvort sjúklingur hafi greinst með fjölonæmar bakteríur. Einnig er spurt hvort þú hafir á síðastliðnum sex mánuðum:


- Þegið heilbrigðisþjónustu erlendis
- Verið með kyli eða endurteknar húðsýkingar
- Ferðast til landa utan Evrópu, Bandaríkjanna eða Kanada

Lyfjanotkun

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina. Upplýsingar um ávísuð lyf er hægt að nálgast á „mínum síðum“ á www.heilsuvera.is.

Rannsóknir

Í símaviðtalinu er ákveðinn tími fyrir blóðsýnatöku og hjartalínurit.



Áhætta

Öllum inngripum í æðakerfi líkamans fylgir einhver áhætta. Hætta á alvarlegum fylgikvillum er almennt talin minni en 1% eftir kransæðamyndatöku. Hjartalæknir metur hvenær þörf er talin á að gera kransæðamyndatöku.

Fasta

Ekki þarf að fasta fyrir aðgerð og ráðlagt er að fá sér léttan morgunmat svo sem brauðsneið og vatnsglas áður en komið er á spítalann. Ekki má drekka kaffi, te eða aðra drykki sem innihalda koffín.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir rannsókn.

Við innlögn á deild

Gott að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu. Skilja þarf skartgrip og úr eftir heima.

Tími í aðgerð

Kransæðamyndataka tekur yfirleitt um klukkustund en ef gera þarf kransæðavíkkun getur aðgerðin tekið lengri tíma.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, förðunarvörur, naglalakk, ilmefni, úr eða skartgrip eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Lyf


Taka á morgunlyfin heima nema annað sé tekið fram í undirbúningssímtali.

Mæting er á Hjartagátt 10D í kjallara Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð. Settur er æðaleggur í bláæð. Í aðgerðinni er gefið róandi lyf og grannur leggur þræddur inn í slagæð frá úlnið eða nára að upptökum kransæða. Skuggaefni er gefið og röntgenmyndir teknar. Þrýstingur er notaður til að loka stungustaðnum.

Eftir kransæðamyndatöku án víkkunar á kransæðum

- Drekkja má og borða við komu á deild.
- Ef stungið hefur verið á slagæð við úlnlið má fara á fætur þegar þú treystir þér til.
- Ef stungið hefur verið á slagæð í nára þarf að liggja í rúminu í fjórar klukkustundir. Mikilvægt er að liggja á bakinu og lyfta ekki höfði, þar sem hreyfing eykur hættu á blæðingu.
- Útskrift er áætluð samdægurs um 5-6 klukkustundum eftir kransæðamyndatöku.



Kransæðamyndataka með víkkun á kransæðum

Ef gera þarf kransæðavíkkun er það yfirleitt gert í beinu framhaldi af myndatökunni. Þá er æðalegg komið fyrir í ósæðarrót við upptök kransæðar sem hefur þrengst og örfínn vír þræddur í gegnum þrengslin. Leggur með belg er síðan þræddur yfir vírinn og þaninn með vökva. Oft er sett stoðnet til að draga úr líkum á að þrenging komi aftur í æð.

Eftir kransæðavíkkun

- Fylgst er með hjartslætti og blóðþrýstingi í hjartarafsjá og tekið hjartalínurit.
- Drekkja má og borða við komu á deild.
- Ef stungið hefur verið á slagæð við úlnlið eru þrýstingsumbúðir settar á stungustað við úlnlið og þrýstingi aflétt á 3-4 klukkustundum. Fara má á fætur um leið og þú treystir þér til.
- Ef stungið hefur verið á slagæð í nára er stungustaðnum lokað með bandvefstappa sem eyðist á 6-8 vikum. Liggja þarf í rúminu í sex klukkustundir. Fyrstu tvær klukkustundirnar er mikilvægt að liggja á bakinu og lyfta ekki höfði, þar sem hreyfing eykur hættu á blæðingu. Eftir þann tíma má liggja á þeirri hlið sem ekki var stungið á.
- Hjartasérfræðingur metur hvort útskrift heim er að kvöldi aðgerðardags eða daginn eftir.
- Í kjölfar kransæðavíkkunar þarf að taka inn blóðflöguhemjandi lyf í ákveðinn tíma.

Eftir útskrift

Stungustaður

Búast má við eymslum í stungustað í 1-2 daga eftir rannsókn. Hlifa þarf stungustað með plástri fyrstu dagana og gæta þess að umbúðir séu alltaf þurrar. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir rannsókn en biða þarf með að fara í baðkar eða sund í 4-5 daga.

Hreyfing

Forðast þarf áreynslu og að lyfta þungum hlutum fyrstu dagana eftir aðgerð.

Vinna

Það fer eftir eðli starfs og líðan, hvenær má byrja að vinna aftur.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við Hjartagátt ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu vikuna eftir að heim er komið:

- Brjóstverkur eða yfirliðatilfinning.
- Blæðing, mar eða fyrirferð sést við stungustað.
Lítið mar og fyrirferð getur þó verið eðlilegt.
- Verkur, hiti eða þroti eykst við stungustað.

Ef bráð vandamál koma upp utan opnunartíma Hjartagáttar er leitað til bráðamóttöku í Fossvogi sem er opin allan sólarhringinn.

Símanúmer

- Hjartagátt 10D er opin virka daga kl. 08:00-16:00 543 2050
- Skiptiborð Landspítala er opið allan sólarhringinn 543 1000

Ef óskað er eftir upplýsingum um stöðu á biðlista er hægt að senda fyrirspurn á netfangið:

hjartabidlisti@landspitali.is

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
ÁGÚST 2025
FRÆ-0499

ÁBYRGÐARMENN:
DEILDARSTJÓRAR HJARTAGÁTTAR
OG HJARTADEILDAR OG YFIRLÆKNIR
HJARTA- OG ÆÐAÞRÆÐINGASTOFU

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA